

Góðan dag. Fékk póst vegna Metamóts Spretts, mótaskýrslan er í ólagi en þar vantar nöfn og af einhverjum ástæðum eru þar inni nöfn sem ég kannst ekki við. Ég taldi mig hafa fyllt hana rétt út en augljóslega hafa orðið misbrestir á því. Mótið er læst í sportfeng núna og ég get ekki breytt neinu þar. Því sendi ég þær leiðréttingar sem þar eiga að koma fram hingað með beiðni um að þær verði sendar áfram á þann sem getur leiðrétt þær.

Þegar ég skráði inn dómara í mótið skráði ég óvart inn alla íþróttadómarana sem dómara í skeiði. Á mótinu lentum við því í vandræðum með að færa yfir í næsta sprett þar sem þarf þá að skrá inn tíma hjá öllum dómurum. Þegar reynt var að leiðrétta þetta kom upp villa sem við gátum ekki lagað. Við höfðum því samband við Þórð Ingólfsson og hann lagaði það fyrir okkur og var þá af einhverjum ástæðum Marjolin Tieben eftir inni í kerfinu sem dómari en Jón Ó. hefur verið tekinn út. En Jón var yfirdómari í löglegum greinum mótsins.

Í mótsskýrslunni stendur að Ingibjörg Pétursdóttir hefur komist í hin ýmsu hlutverk á mótinu get ég því miður ekki svarað fyrir en þá konu kannast ég ekki við og kom hún ekki að mótinu eftir því sem ég best veit.

Eftirtaldir aðilar voru í þessum hlutverkum á mótinu:

Theódóra Þorvaldsdóttir – Mótsstjóri

Jón Ó. Guðmundsson – Yfirdómari í tölti og skeiði

Ræsir – Sigurður Ævarsson

Tímavörður – Jónína Guðrún Kristinsdóttir

Tímavörður – Jóhann F. Valdimarsson

Hlaupagæsla - Brynja Viðarsdóttir

Erla Guðný Gylfadóttir

Guðmundur Þór

Ólöf Guðbrandsdóttir

Jón Ó. Guðmundsson

Theódóra Þorvaldsdóttir

Varðandi mál Sigurbjörns í 150m og 250m skeiði, tel ég mig ekki hafa heimild til að kalla saman mótsstjórn eða aðhafast neitt í því máli frekari þar sem of langur tími er liðinn síðan móti lauk en óska ég því eftir að aganefnd skoði málið.

Mig langar einnig að koma á framfæri ábendingum um sportfenginn. Mér þykja brotalamir á honum sem auðvelt ætti að vera að breyta og myndi auðvelda mótshöldurum lífið. Ýmsir misbrestir eru í

kerfinu sem þeir mótshaldarar sem halda flest mót virðast hafa lært á og vinna í kringum. Hins vegar reynist erfiðara fyrir þá sem koma að færri mótum að átta sig á þessum göllum. T.d. varðandi skráningu tíma í kappreiðum. Kerfið býður upp á að skráðir séu inn margir dómarar, en ef það er gert þá lendir mótshaldari í vandræðum með að raða í næsta sprett, þar sem sportfengurinn telur 1.spretti ekki lokið fyrr en allir skráðir dómarar skrá inn tíma. Þetta ætti að vera auðvelt að laga og bjóða einungis upp á einn dómara og þetta vandamál ætti að vera úr sögunni.

Einnig finnst mér að ekki ætti að vera hægt að skrá ólöglega í greinar svo sem bæði 150 og 250 m skeið á sama hesti, kerfið ætti einfaldlega að stoppa slíka skráningu. Það getur ekki verið flókið í útfærslu. Sama þyrfti líka að skoða varðandi aðrar greinar, t.d. töltgreinar, þar sem knapi má ekki taka þátt í mörgum greinum, t.d. T7 og T3 og sami hestur má ekki taka þátt í T1 og T2. Þetta myndi auðvelda mótshöldurum lífið og gera mótahaldið skilvirkara.

Einnig er ég að velta fyrir mér varðandi mótaskýrsluna, hver þessi Ingibjörg Pétursdóttir er og hvort það sé eitthvað sem kerfið fyllir sjálft út? Þá er það að sjálfsgöðu líka galli og kerfið ætti ekki að bjóða uppá að hægt sé að skila inn skýrslu sem ekki er útfyllt á fullnægjandi hátt.

B.kv. Theódóra Þorvaldsdóttir